

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 30. júní 2022: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um dagskrá mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að tekin verði markvisst á dagskrá mannréttindaráðs málefni barna, eldra fólks og öryrkja en málefni þessara hópa hafa ekki verið nægilega til umfjöllunar í ráðinu á síðasta kjörtímabili. Mannréttindi varða okkur öll og huga þarf að mannréttindum í öllum hópum. Huga má meira að fátæku fólki í tengslum við mannréttindi en fátækir eru stækkandi hópur. Nefna má öryrkja sem þola mega skerðingar og ná þeir iðulega ekki endum saman. Sveitarfélagi er sem dæmi ekki skylt að fylgja almannatryggingarlögum þegar kemur að skerðingum og getur því gert mikið til að bæta kjör þeirra með því að taka sjálfstæða ákvörðun í þeim efnum. Skoða þarf mannréttinda þáttinn hjá börnum sem glíma við röskun eða fötlun af einhverju tagi og dæmi eru um að sumum er gert að stunda nám þar sem þau eru ekki meðal jafningja vegna skorts á sértæku skólaúrræði. Einnig leggur fulltrúi Flokks fólksins það til að ráðið fjalli sérstaklega um biðlista barna í skólapijónustu borgarinnar en á honum bíða nú 2011 börn. Það heyrir til mannréttinda að börn sem glíma við vanlíðan, kvíða, vitsmunaproska vanda eða talmeinavanda fái stuðning við hæfi og án þess að þurfa að bíða eftir henni svo mánuðum skiptir.

Greinargerð:

Að hunsa vanlíðan barns og þörf þess á skimun og greiningu á vanda, vitsmunalegum og andlegum að beiðni skóla og kennara stríðir gegn Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem við höfum löggilt. Ræða þarf mannréttindi í tengslum við þá sem eru fastir á sjúkrahúsi vegna þess að þeir eiga ekki heimili eða skortur er á heimaþjónustu. Huga þarf einnig að betri þjónustu fyrir eldra fólk sem vill búa sem lengst heima. Síðast en ekki síst þarf að skoða mannréttinda þáttinn þegar kemur að sveigjanlegum vinnulokum.